

$$H = 19\,627,00 + 21,30 \times V.$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 243,50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli kr. 12,18 pr. tonn.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 44,20 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | kr. 88,65 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | kr. 176,95 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- | | |
|------------------------------------|--|
| Allt að 400 m ³ kr. | 14 077,00. |
| 400— 2 000 m ³ kr. | 14 077,00 + kr. 11,25 pr. m ³ þar yfir. |
| 2 000— 6 000 m ³ kr. | 32 103,00 + kr. 9,70 pr. m ³ þar yfir. |
| 6 000—10 000 m ³ kr. | 70 641,00 + kr. 8,40 pr. m ³ þar yfir. |
| Meira en 10 000 m ³ kr. | 104 262,00 + kr. 7,30 pr. m ³ þar yfir. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 695,00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 89,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mái.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

15. maí 1982.

Nr. 306.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

- 2.1 1,17 kr/kWh. Lágmarksgjald er 421,00 kr. á ári.
- 2.2 5 999,00 kr/kWh/a í uppsettu aflri til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljós-nemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, er notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

- 3.1 1,17 kr/kWh Lágmarksgjald er 421,00 kr. á ári.

4. gr.

Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

- 4.1 1,17 kr/kWh. Lágmarksgjald er 421,00 kr. á ári.
- 4.2 0,28 kr/kWh og 1 402,00 kr/kWh/a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.
- 4.3 1,76 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum. Lágmarksgjald er 421,00 kr. á ári.

5. gr.

Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

- 5.1 0,53 kr/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 0,75 kr/kWh til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 7 500,00 kr/a.
- 5.2 0,27 kr/kWh til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 0,39 kr/kWh til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.